



Skrifstofa Alþingis, velferðarnefnd
101 Reykjavík

Akureyri, 20. nóvember 2018
Tilv.: 1811034

Efni: Vísað er til bréfs velferðarnefndar Alþingis, dags. 8. nóvember 2018 þar sem óskað er umsgagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðisvísindasviði nr. 44/2014 (gjaldtaka vísindasiðanefndar), 229. mál, þskj. 347.

Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri hefur skoðað frumvarpið og ákveðið að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við 1. gr.

Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri leggst gegn heimild til gjaldtöku vísindasiðanefndar vegna umsóknar um leyfi til að hefja eða breyta vísindarannsókn á heilbrigðisvísindasviði. Þetta er háalvarlegt mál.

Rökstuðningur heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er eftirfarandi:

Þess er getið í greinargerð með frumvarpinu að hefð sé fyrir sambærilegri gjaldtöku og hér er til umræðu í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Færa má rök fyrir því að rannsóknahverfi á Norðurlöndum sé almennt aðgengilegra þar en hér á landi sé litið til hefða í vísindastörfum og möguleika á styrkjum í innlend og alþjóðleg verkefni. Ríkari hefð er einnig fyrir doktorsnámi. Íslenskt rannsóknahverfi í heilbrigðisvísindum er ekki í samkeppnishæfri stöðu við t.a.m. rannsóknahverfi sænskra, danskra og finnskra háskóla sem flestir byggja á sterkari stöðum en háskólar á Íslandi, m.a hvað varðar stigun háskóla á alþjóðlega kvarða sem aftur hafa áhrif á möguleika til styrkja í erlenda rannsóknasjóði.

Fjárframlög til vísinda hér á landi eru undir meðaltali OECD ríkjanna sem og hinna Norðurlandanna. Í Stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2020 kemur fram að: „Gæði og skilvirkni háskólastarfs verða aukin, meðal annars með því að efla fjármögnun með það að markmiði að hún nái meðaltali OECD árið 2020 og Norðurlanda 2025.“. Með gjaldtöku vísindasiðanefndar vegna umsókna um leyfi til að hefja eða breyta rannsókn á heilbrigðisvísindasviði má færa rök fyrir því að hér sé um að ræða skref á móti stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs þar sem fjármögnun er færð af hendi hins opinbera í hendur einkaaðila (rannsakenda). Þá má einnig spyrja að því hvenær og þá hvort það sé siðferðislega eðlilegt að þjónustugjald sé innt af hendi rannsakendanna sjálfra en fjármögnun ekki tryggð af hendi eftirlitsaðilans sjálfs, í þessu tilviki vísindasiðanefndar, þannig má álykta að rannsakendur séu að tryggja fjármögnun eftirlits með sjálfum sér.

Það frumvarp sem hér er til umsagnar beinist að vísindarannsóknum á einu fræðasviði, þ.e. heilbrigðisvísindasviði. Sérstaða rannsókna í heilbrigðisvísindum umfram aðrar rannsóknir, t.a.m. í félagsvísindum, er einna helst í eðli þeirra þar sem iðulega á sér stað söfnun á viðkvæmum gögnum er varða heilsufar einstaklinga í sinni víðustu mynd. Slík gögn ber að meðhöndla á annan hátt en t.d. rannsóknagögn í félagsvísindum. Rannsóknir í félagsvísindum eru almennt ekki leyfisskyldar til vísindasiðanefndar og mun því gjaldtaka vísindasiðanefndar vegna umsókna um leyfi til að hefja eða breyta rannsókn skekkja jafnræðisgrundvöll ólíkra fræðisviða.

Því er þó fagnað að í frumvarpinu sé aðgreining gerð á rannsóknum námsmanna og rannsóknum annarra vísindamanna. Þess er getið sérstaklega að heimild sé til að undanskilja vísindarannsóknir námsmanna, hafa ber í hug að staða t.a.m. doktorsnema er oft óljós, hvort um sé að ræða námsmann eða akademískan fræðimann.

Álit okkar er að ekki er síður mikilvægt að athuga stöðu og verksvið annarra siðanefnda á Íslandi, samkvæmt 11. gr. laganna og reglugerð um siðanefndir heilbrigðisrannsókna þar sem verksvið þessara siðanefnda er skilgreint þröngt, þ.e. rannsóknir innan eigin stofnana eða í samstarfi við tengdar menntastofnanir (LSH/HÍ og SAK/HA). Um leið og samstarf er alþjóðlegt, í samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir á Íslandi eða Embætti Landlæknis, þá kemur það í hlut Vísindasiðanefndar veita leyfi fyrir rannsókni. Fyrst á annað borð er verið að ræða breytingar á lögnum er færi á að breyta þeim þannig að minni nefndirnar hefðu fleiri verkefni með útvíkkuðu verksviði. Ef markmið lagabreytingarinnar er að fækka málum hjá Vísindasiðanefnd þá væri hægt að dreifa álagi málaflokksins á aðrar siðanefndir og styrkja þær um leið. Gjaldataka vísindasiðanefndar hefur án efa í för með veikingu minni nefnda þar sem þær munu með tímanum leggjast af, sem er miður. Vísindasiðanefnd mun, verði gjaldtakan að veruleika, hafa hag af því að allar umsóknir um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði berist nefndinni til að styrkja fjárhagsgrundvöll hennar.

Heilbrigðisvísindasvið þakkar fyrir beiðni velferðarnefndar um umsögn við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Dr. Eydis Kr. Sveinbjarnardóttir
Forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri